

M. 97. Bl. 47  
nro.

# Adam Rutherford og Sigurður Nordal í sambandi við íslenska sögu og fórtíð — fram

## I.

Í EINHVERJU blaði sa jeg að minnst var á Adam Rutherford, og að visu ekki þannig, sem oss Íslendingum er skyldt að gera. Því að meiri Íslandinur en Adam Rutherford hefir aldrei verið. Hann var í grein þessari kallaður enskur, en mjer er kunnugt um að honum er ekkert vel við að svo sje gert. Breskur væri skárra. Aett Rutherfords er kunn skotsk landamæraætt. Og ekki mun það spilla að vita að þar er um að ræða móðuraætt Walter Scotts, er einn frægastur hefir verið af Skotum á síðari öldum, og sá breskra skálða, sem einna mestar mætur hefir haft á Íslendingasögum.

Adam Rutherford er mikill lærðómsmaður og skarpvitur, svo að óliklegt virðist að annar eins maður mundi slíka rækt hafa lagt við pýramídafræðina ef ekki væri þar einhvern mjög merkilegan fróðleik að hafa. En ekki ætla jeg að gefa í skyn, að jeg hafi neitt vit á þeim fræðum. Það sem mjer bykir svo stórmerkilegt um Rutherford er, að hann heldur því fram, að þessi örsmáa þjóð sem vjer Íslendingar erum, muni þó reynast hin þýðingar mesta fyrir framtíð alls mannkynsins. Og hvað sem pýramídanum mikla líður, þá verður það ekki vjefengt, að Adam Rutherford hefir sannspáð reynst um stórtíðindi þau sem orðið hafa á þessum áratug.

## II.

Það er nú að vísu svo, að þessi einstæða bók Landnáma, vekur þegar grun um, að því fólkj, sem er ættað eins og þar segir, gæti verið eitthvað merki legt hlutverk ætlað, eitthvað framyfir það, að lífa þó af á landi sem á köflum hesfir kom ist eins nálægt því að vera mönnum óbyggilegt, og Ísland. Fremur held jeg þó, að þá skoð un Rutherford, að íslensku þjóðinni sje stórkosilegt hlutverk ætlað, sje að rekja til spámannlegrar andagiftar, en þekkingar á íslenskri sögu. En til er ljómandi bók, rituð af ágætri þekkingu á íslenskum söguleimildum, þar sem þessi skilningur á íslensku þjóðinni, að henni sje stórkostlegt hlutverk ætlað, virðist a. m. k. liggja svo nærri, að búast hefði mátt við, að Rutherford væri

þar getið. Bók þessi er „Íslensk menning“, eftir próf. dr. Sigurð Nordal. Dr. Nordal talar um „árin sem nú eru að líða“ eins og „örlagastund“ og „ný aldamót“. Og efast jeg ekki um að það sje rjett. En þar sem hann heldur, að svarið við spurningum þeim sem hann setur fram í þessu snildarverki sínu, muni ekki fást fyr en í fjarlægri framtíð, verð jeg að vera á öðru máli, því að jeg hygg nú einmitt að þess sje skamt að bíða, að koma muni í ljós svo að vel megi skilja, hvað þessi „nýju aldamót“ býða.

18. okt.

*Helgi Pjeturss.*

---